

## **Reglur Hafnarfjarðarkaupstaðar um rafræna vöktun öryggismyndavéla**

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur sett sér eftirfarandi reglur um rafræna vöktun öryggismyndavéla. Rafræn vöktun nær bæði til vöktunar þar sem persónuupplýsingar eru geymdar og hugsanlega unnar frekar og vöktunar sem fer fram í rauntíma án þess að fram fari söfnun myndefnis eða vinnsla persónuupplýsinga. Byggja reglurnar á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og reglum nr. 50/2023 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem til verða við rafræna vöktun.

### **1. gr. Umfang vöktunar**

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur sett upp stafrænar myndavélar á starfsstöðvum sveitarfélagsins og undirstofnunum þess þar sem rafræn vöktun er talin nauðsynleg á grundvelli öryggis og/eða eignavörslu, sbr. 2. gr. reglnanna.

Er myndarvélum almennt komið upp innanhúss; í anddyrum, miðrymum og öðrum opnum rýmum, og utandyra.

Þeir staðir og svæði þar sem vöktun fer fram eru merktir með skýrum og aðgengilegum hætti.

### **2. gr. Tilgangur**

Tilgangur með rafrænni vöktun er að varna að eigur í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar séu skemmdar og að farið sé um byggingar eða aðrar eigur í leyfisleysi og til að stuðla að öryggi á hinum vöktuðu svæðum.

Reglunum er ætlað að tryggja meðalhóf, virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og ganga ekki lengra en nauðsyn ber til.

### **3. gr. Meginreglur sem gilda um rafræna vöktun**

Persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun skal fara með í samræmi við 8. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Skulu upplýsingar unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og öll meðferð þeirra samrýmast vönduðum vinnsluháttum persónuupplýsinga.

Upplýsingunum er safnað í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, sbr. 2. gr. reglnanna og eru ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.

Upplýsingum sem safnað er skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

### **4. gr. Varðveisla persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun**

Upplýsingum sem verða til við rafræna vöktun skal eytt um leið og ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær.

Varðveisla persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun Upplýsingum sem verða til við rafræna vöktun skal eytt um leið og ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Upplýsingar sem verða

til við rafræna vöktun eru aldrei varðveittar lengur en í 30. daga nema lög heimili eða dómsúrskurður liggja fyrir. Forstöðumönnum stofnana hjá Hafnarfirði, þar sem rafræn vöktun öryggismyndavéla fer fram, ber að tryggja að gagnatakmarkanir geri ráð fyrir yfirskrift á stafrænum upptökum áður en 30 daga varðveislu er náð.

Þó geta upptökur verið varðveittar lengur sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganaúðsynja. Ef myndefni er afhent lögreglu er öðrum eintökum af efninu eytt.

#### **5. gr. Skoðun persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun**

Myndefni úr stafrænum myndavélum verður eingöngu skoðað ef upp koma atvik er varða eignavörslu eða öryggi einstaklinga, s.s. þjófnaður, skemmdarverk eða slys. Þróunar- og tölvudeild Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur yfirumsjón með kerfi öryggismyndavéla. Einungis forstöðumenn stofnana og þeir sem til þess hafa leyfi starfa sinna vegna hjá Hafnarfjarðarkaupstað geta skoðað upptökurnar og skulu þeir hafa undirritað trúnaðar- og þagnarskylduyfirlýsingu vegna starfa sinna. Ávallt skal skrásetja skoðun á uppteknu efni úr rafrænum öryggismyndavélum.

Berist krafa frá aðila um skoðun gagna sem hafa orðið til við rafræna vöktun, skulu gögn skoðuð og gengið úr skugga um að upptaka sé af aðila. Ef svo er þá er honum heimilað að skoða efnið eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku erindis, nema hagsmunir þriðja aðila sem rafræna vöktunin nær til vegi þyngra. Séu aðrir persónugreinanlegir einstaklingar á upptöku skal þeim að jafnaði veittur kostur á að vera viðstaddir skoðun. Komi upp ágreiningur, m.a. vegna hagsmuna þriðju aðila, má vísa honum til úrlausnar Persónuverndar. Getur Persónuvernd þá lagt fyrir Hafnarfjarðarkaupstaðar að varðveita gögn þar til niðurstaða hennar liggur fyrir.

Ef skoðun á myndefni leiðir í ljós að grunur sé um eignarspjöll, slys, slagsmál eða mögulega refsiverða háttsemi þar sem börn koma við sögu skal forsjáradilum þeirra barna gert viðvart og þeim gerð grein fyrir möguleika á því að fá að vera viðstaddir skoðun á efni.

#### **6. gr. Afhending persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun**

Upptökur verða almennt ekki afhentar öðrum en lögreglu og þá ef um slys eða meintan refsiverðan verknað er að ræða. Óheimilt er að afhenda þriðja aðila upplýsingar sem safnast hafa með öryggismyndavélum nema með skýru samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar.

#### **7. gr. Andmæli við framkvæmd vöktunar**

Komi fram athugasemdir eða andmæli við framkvæmd vöktunar og/eða ábendingar um að hún uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru í reglum þessum eða lögum skal hafa samband við persónuverndarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar, með því að senda tölvupóst á netfangið [personuvernd@hafnarfjordur.is](mailto:personuvernd@hafnarfjordur.is) eða hringja í síma 585-5500.

#### **8. gr. Vöktun lögreglu og Neyðarlínu**

Reglur þessar gilda ekki um öryggismyndavélakerfi sem sett hefur verið upp í samstarfi við lögreglu og Neyðarlínuna utan stofnana Hafnarfjarðarkaupstaðar. Er aðkoma Hafnarfjarðarkaupstaðar við þá vöktun takmörkuð við kaup á búnaði, uppsetningu og merkingu.

Samþykkt á sviðsstjórafundi,  
Hafnarfirði 9. september 2019